

er ekki breytt með lögum 21. sept 1883, að skipstjóri og stýrimaður á dönskum skipum, **73**  
sem gerð eru út frá einhverjum stað á Íslandi, sju heimilisfastir í hinu danska ríki. 15. júlí.

Til þess sem skipstjóri og stýrimaður að geta farið með skip það, er hjer um ræðir og heima á á Íslandi, verða menn þeir, er að ofan eru nefndir þess vegna að eiga fast heimili á Íslandi eða í Danmörku, svo að segja megi eptir öllum þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi eru, að þeirra rjetta heimili sje þar. Einsog það í því tilliti ekki er nægilegt að þeir hafi fengið borgarabréf í einhverjum íslenzkum kaupstað, þannig mun að hinu leytinu það atriði, að þeir dvelja í Noregi næsta vetur, sem þeir eðlilega ekki þurfa leyfis til, eigi í sjálfu sjer útiloka að þeir geti skoðast sem heimilisfastir á Íslandi, en eigi verður borið móti því, að för þeirra frá Íslandi og dvöl í Noregi allan veturinn getur hæglega haft áhrif á, hvernig skorið verður úr því, hvort þeir fullnægi því skilyrði laganna, sem nýlega var minnst á, eða ekki, en frá þessu skilyrði getur ekki verið umtalsmál, að veita þeim undanþágu.

Þarsem amtmaðurinn yfir suður- og vesturamti Íslands hefur við þetta tækifæri talið æskilegt, að ráðgjafinn ljeti í ljósi skoðun sína um, hvort íslenzk lög setji nokkur önnur skilyrði en það, er nefnt hefur verið fyrir því, að vera skipstjóri eða stýrimaður á íslenzku fiskiskipi og einkum um það, hvort heimta megi að menn þeir, er hjer ræðir um, hafi tekið próf í sjómannafræði eða hafi önnur skýrteini fyrir, að þeir kunni að stjórna skipi, þá skal eigi látið hjálíða að bæta því við, að ráðgjafinn ætlar að svo sje eigi.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um aukning á innstæðu „styrktarsjóðs handa þeim er bíða tjón af jarðeldi á Íslandi“.** — Í 24. júlí. **74**  
þóknanlegu brjefi 17. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá, að innstandi á vöxtum í verzlun Gránufjelagsins á Vestdalseyri 1045 kr., sem safnað hafi verið á sínum tíma fyrir milligöngu Tryggva alpingismanns Gunnarssonar og Jóns landritara Jónssonar til styrktar þeim, sem biðu tjón af öskufallinu 1875, en aldrei hafi verið útbýtt, og hafið þjer og amtsráðið lagt það til, að fje þetta, sem engin upplýsing liggur fyrir um að gefendurnir hafi gjört nokkura sjerstaka ákvörðun um, hvernig verja skyldi, verði lagt við innstæðu hins svonefnda styrktarsjóðs handa þeim, sem bíða tjón af jarðeldi á Íslandi, sem stendur undir stjórn landshöfðingja.

Með því að jeg er yður og amtsráðinu samdóma um, að fje þetta eigi að leggjast við fyrnefndan styrktarsjóð, skal jeg hjermeð þjónustusamlega skora á yður að sjá um, að það verði sent mjer í þessu skyni, ásamt skilríkjum þeim og skilagreinum fyrir stærð þess, sem fengizt geta.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um kaup og sölu á suðurstofunni í fangahúsinu á Akureyri.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 25. 31. júlí. **75**  
óktóber f. á., hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá, að amtsráðið hafi ályktað að kaupa suðurstofu fangahússins á Akureyri, er bæjarstjórnin þar á, og ætluð hefur verið til fundarhalda hennar, handa amtsbókasafninu fyrir 1000 kr., sem borgist á 10 árum með 100 kr. á ári þannig, að fyrsta afborgun eigi sjer stað 11. júní 1886 og hafið